

9. fundur starfshóps um félagslega heimaþjónustu.

Fundurinn er fjarfundur í Teams haldinn kl. 15, þriðjudaginn 1.mars 2022.

Mættir: Helga Ingólfssdóttir, formaður, Guðlaug Kristjánsdóttir, Árni Rúnar Þorvaldsson, Sjöfn Guðmundsdóttir, deildarstjóri stuðnings- og stoðþjónustu, Sjöfn Guðmundsdóttir, deildarstjóri stuðnings- og stoðþjónustu og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs sem ritaði fundargerð.

1. Umræða um þjónustu í formi, NPA samnings eða beingreiðslusamnings, við eldri borgara. Starfshópur óskar eftir að fá afhent gögn í málinu.
2. Sólvangur efsta hæð. Liggur fyrir að hanna eigi skrifstofurými fyrir heimahjúkrun og heimaþjónustu. Samþætt þjónusta er í Reykjavík en Kópavogur greiðir 7 – 8 stöðugildi í heimahjúkrun. Væri til bóta að þjónusta væri samþætt.
3. Mikilvægt að eldri borgarar hafi möguleika á heimahreyfingu. Æskilegt að iðjuþjálfari sé hluti af þjónustunni.
4. Gjaldskrá. Verði er í hófi stillt, en mikilvægt að kanna þarf ólíka tekjuhópa í næstu fjárhagsáætlun.
5. Breyttir þjónustutímar. Væri hægt að fara í útboð með annan hóp einstaklinga sem þarf þjónustu á öðrum tímum og þyrfti aðra tegund á þjónustu.
6. Vel tókst til með úthringingar til eldri borgara á tímum heimsfaraldurs og mætti halda því áfram.
7. Notandaráð virðast vera sátt við þjónstuna sem er veitt til eldri borgara. Huga þarf að eldri borgurum sem eru af erlendu bergi brotin.
8. Skýrsla starfshóp er í smíðum og verður send starfshópnum til yfirlstrar.

Fundi slitið kl. 15:45.